



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

Fjárhags- og viðskiptanefnd,
neðri deildar,
Páll Pétursson, form.
Alþingi

Alþingi

Erindi nr. Þ 113 / 694

komudagur 20/02 1991

Hús verslunarinnar

103 Reykjavík

Sími/Telephone 91-678910 (354-1-678910)

Myndsími/Telefax 91-686564 (354-1-686564)

Telex 2316 Chambr is

Reykjavík 20. febrúar 1990.

Meðfylgjandi er kafli úr fundargögnum frá Viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands sem haldið var 13. febrúar s.l.

Í kafla þessum er umfjöllun um frumvörp til laga um erlendar fjárfestingar á Íslandi (320. og 321. mál)

Vísast til þeirrar umfjöllunar varðandi umsögn Verslunarráðs Íslands um ofangreind frumvörp.

Þingmenn hafa reyndar fengið send öll fundargöng frá Viðskiptaþingi. Í gögnum þessum eru margvíslegur fróðleikur um íslenskt viðskiptalíf og hvernig forráðamenn þess sjá framtíðina fyrir sér.

Mín von er sú að fundargögnin megi verða nefndarmönnum til gagns í störfum sínum ekki síst vegna þess að þeir sáu sér ekki fært að sækja þingið þrátt fyrir boð þar um.

Virðingarfyllst.
VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS


Vilhjálmur Egilsson, framkvstj.

VIÐSKIPTAPING 1991

FJÁRFESTINGAR ERLENDRA AÐILA Á ÍSLANDI

1. INNGANGUR

Ekki hefur verið mikið um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Kemur þar ugglaut margt til svo sem fjarlægðir frá öðrum löndum, smæð landsins og íbúafjöldi þess ásamt með smæð innanlandsmarkaðarins. Raunar má velta því fyrir sér hvort það sé ekki ofmat að ætla að erlendir aðilar myndu hafa áhuga á að fjárfesta á Íslandi í þeim mæli sem margir telja.

Helstu fjárfestingar erlendra aðila hér á landi hingað til hafa verið í avinnurekstri þar sem gögn landsins og gæði bjóða upp á slíkt. Dæmi um slíkt eru auðvitað álverksmiðjan í Straumsvík, Kísiliðjan við Mývatn og Járblendiverksmiðjan á Grundartanga.

Þá má minna á að fjölþjóðafyrirtæki hafa bæði fyrr og síðar verið þátttakendur í íslenskum atvinnufyrirtækjum einkum þeim sem hafa starfað undir alþjóðlegum vörumerkjum. Sem dæmi um þetta eru olíufélögin og tölvufyrirtæki.

Í heild eru eignir erlendra aðila í íslenskum fyrirtækjum taldar nema 7855 milljónum króna. Þar af eru rúmar 4000 milljónir í Ísal um 1450 milljónir í Járblendifélaginu hf.

Eitt af því sem fyrirtæki huga að þegar þau fjárfesta erlendis eru aðbúnaður og aðstæður í viðkomandi landi. Þannig er land sem býður t.d. betur í skattamálum líklegra til að laða að sér erlendir fjárfestingar að öðru jöfnu. Ekki er hægt að segja að Ísland sé aðlaðandi að þessu leyti og frekar hætta á því að fyrirtæki vilji flytja frá Íslandi heldur en hitt.

Reyndar er það svo að stærstu fjárfestingum erlendra fyrirtækja hér á landi, þ.e.a.s. í Ísal og nú í Atlantál hafa fylgt sérstakir samningar um skattamál þeirra í því skyni að laða þau til landsins.

Sérstakir samningar af þessu tagi við einstök fyrirtæki hljóta að teljast afar óæskilegir og vera neyðarbrauð vegna þess að íslensk skattalög eru almennt ekki nægilega hagstæð. Þess vegna hlýtur það að vera grundvallaratriði að íslenskar skattareglur séu samkeppnisfærar við það sem gengur og gerist erlendis.

2. FRJÁLSLYNDARI LÖGGJÖF UM ERLENDAR FJÁRFESTINGAR

Núgildandi reglur um erlendar fjárfestingar eru margar og dreifðar og því erfitt að átta sig á hverjar eru heimildir fyrir slíkar fjárfestingar. Enginn einn aðili virðist hafa heildaryfirsýn yfir erlendar fjárfestingar hér á landi.

Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um fjárfestingar erlendra aðila þar sem reglur eru fyrst og fremst samræmdar og gert ráð fyrir varfærnislegum skrefum í þá átt að opna landið á þessu sviði.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á árinu 1988 og síðan aftur á síðasta þingi en fékk ekki afgreiðslu. Núverandi ríkisstjórn dreifði til hagsmunaaðila drögum að nýju frumvarpi sem byggði á því fyrra og voru þau til ítarlegrar umfjöllunar m.a. í Verslunarráðinu.

Frumvarpið ber þess merki að vera barn þess tíma sem er að hverfa. Andinn í frumvarpinu er nokkuð íhaldssamur og tæpast í takt við tíðarandann nú. Vantraust á þá erlendu aðila sem kæmu til með að fjárfesta hér á landi er rauður þráður í gegn um frumvarpið.

Frjálslynd löggjöf sem leyfir erlendar fjárfestingar eftir almennum reglum hlýtur að vera einn af meginþáttunum í að opna íslenskt efnahagslíf. Jafnframt er mikilvægt að festa ríki í stjórnarframkvæmd um allt er viðvíkur löggjöf um erlendar fjárfestingar.

Íslensk fyrirtæki og einstaklingar munu á næstu árum verða að stórauka samskipti sín og viðskipti við erlenda aðila. Útflutningur verður að stórukast og með aukinni velsæld mun þjóðin hafa efni á meiri innflutningi.

Í framtíðinni verður atvinnulífið að hafa möguleika á mun nánara samstarfi við erlenda aðila en nú er hægt og greiðar leiðir til fjárfestinga íslenskra aðila erlendis og erlendra aðila í íslenskum fyrirtækjum er undirstaða þess að unnt sé að hagnýta þau tækifæri sem þjóðast. Íslenskt atvinnulíf verður að hafa greiðan aðgang að erlendu áhættufé til þess að standast erlendum keppinautum snúning.

Hingað til hefur aðgangur að erlendu lánsfé með beinni eða óbeinni ábyrgð íslenska ríkisins verð mun greiðari en aðgangurinn að eigin fé erlendis frá. Þegar metnir eru kostir þess að taka erlend lán annars vegar og erlendar fjárfestingar hins vegar virðist reynsla annarra þjóða að kostir hins síðarnefnda séu ótvíræðir. Greiða verður af erlendum lánum án tillits til árferðis. Erlent fjárfestingarfé er í eðli sínu áhættufé og arðgreiðslur koma því aðeins til að hagnaður sé af fyrirtækinu.

Í frumvarpsdrögunum sem fyrir liggja er gefin almenn heimild til fjárfestinga erlendra aðila en takmarkanir síðan skilgreindar.

Athyglisvert er að veigamestu takmarkanirnar tengjast höfuðgreinum útflutningsins, þ.e. sjávarútveginum og orkuframleiðslu sem eru einmitt þær atvinnugreinar sem mest hljóta að tengjast erlendum aðilum.

3. AF HVERJU TAKMARKANIR?

Erlendum aðilum verður óheimilt að fjárfesta í íslensku fyrirtæki í fiskveiðum og hefðbundinni fiskvinnslu eins og frumvarpið liggur fyrir. Hér virðast íslenskir stjórnmálaflokkar sammála um að fara með ítrustu gát.

Raunar má kveða svo fast að orði að íslenskir stjórnmálamenn séu sammála í afstöðu sinni til þátttöku útlendinga í fiskveiðum og fiskvinnslu hér á landi. Þeir virðast á móti. Hægt væri að segja með nokkrum sanni að þrátt fyrir það væru áhrif útlendinga nú þegar mjög mikil vegna gífurlegra skulda Íslendinga við aðrar þjóðir. Fjárfestingar íslenskra aðila í sjávarútvegi eru líklega að meirihluta til gerðar með erlendu lánsfé. Mun auðveldara er að fá heimildir fyrir erlend lán en að fá erlenda aðila til samstarfs. Það orkar tvímælis svo ekki sé meira sagt.

Hinni almennu afstöðu stjórnmálamanna til fjárfestinga erlendra aðila í sjávarútvegi verður að breyta. Grundvöllur þessarar afstöðu hefur verið viðleitni til að tryggja yfirráð Íslendinga yfir fiskimiðunum þannig að þau nýtist þjóðinni sem best. Slík afstaða byggir hins vegar á misskilningi. Ef sjávarútvegurinn verður einangraður með þessum hætti er hann ekki lengur í stakk búinn til þess að nýta fiskimiðin á hagkvæmasta hátt.

Það sem fyrst og fremst skiptir máli er íslensk lögsaga og forræði yfir fiskimiðunum. Að fyrirkomulag fiskveiðanna fari aifarið eftir íslenskum lögum hvort sem núverandi löggjöf um fiskveiðar stendur um ókomin ár eða að ný skipan mála verði tekin upp.

Verðmæti útfliuttra sjávarafurða verður að aukast verulega á næstu árum og forsenda þess er að unnt sé að nýta mýmörg tækifæri sem bjóðast á samstarfi við erlenda aðila við að þróa vörurnar og koma þeim á markað. Takmarkanir á möguleikum til samstarfs á þessum sviðum eru fyrst og fremst höft á sjávarútveginn sjálfan.

Íslensk fyrirtæki eiga oft hvort í öðru og takmarkanir á íslensku fyrirtæki í erlendri eigu til þess að eiga í sjávarútvegsfyrirtækjum hljóta að skerða möguleika þessarar atvinnugreinar til að keppa við önnur innlend fyrirtæki um fjármagn, vinnuafli og þjónustu.

Takmarkanir á möguleikum erlendra aðila eða íslenskra aðila í erlendri eigu, þ.á.m. banka, til þess að eignast sjávarútvegsfyrirtæki hlýtur ennfremur að trufla verulega viðskipti þeirra m.a. bankaviðskipti.

Takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi geta því orðið stórskadlegar fyrir atvinnugreinina og framtíð hennar. Þær munu kalla á uppdráttarsýki í greininni og gera henni ókleyft að þjóna hlutverki sínu í íslensku atvinnulífi.

Samkvæmt frumvarpinu verður óheimilt fyrir erlenda aðila að eiga virkjanaréttindi vatnsfalla og jarðhita. Þetta ákvæði virðist óþarft þar sem ríkið hefur í raun slegið eignarrétti sínum yfir öll meiri háttar virkjanaréttindi og þá nærtækara að skerpa á því í löggjöf. Enn fremur er rétt að minna á að í samningum við erlenda aðila um fjárfestingar í stóriðju hafa iðulega komið upp hugmyndir um að þeir byggi orkuver og eigi þau í tiltekinn tíma, t.d. 25 ár, en þau renni síðan til Íslendinga að þeim tíma liðnum. Þá má minna á hugmyndir um einkavæðingu orkufyrirtækja og sú spurning vaknar hverjum væri greidd gerður með því að banna erlendum aðilum að eiga hlut í orkufyrirtækjum ef um það yrði að ræða.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki breytt hámarki eignarhlutar erlends aðila í dagblaði eða útvarpsstöð á Íslandi en samkvæmt útvarpslögum má erlend eign í útvarps- eða sjónvarpsstöð vera 10% að hámarki. Í lögum um prentarétt er gerð krafa um að útgefandi og ritstjóri blaðs eða tímarits sé íslenskur ríkisborgari, lögráða og heimilisfastur hér á landi. Ekki verður séð hvernig þessi ákvæði eru hugsuð til fulls. Allir vita að með nútíma tækni skiptir ekki máli hvar útvarps- eða sjónvarpssendar eru staðsettir. Því bitna takmarkanir af þessum toga fyrst og fremst á íslenskum aðilum sem vilja hasla sér völl í útflutningsstarfsemi þessu sviði. Meginatriðið er að íslenskum lögum sé fylgt í þessum rekstri. Er raunar ótrúlegt að sjá tillögur af þessum toga í þann mund er Evópuríki hyggjast taka upp sitt viðamikla samstarf og viðræður eru í gangi um þátttöku í því.

Í frumvarpinu er 49% þak á eignaraðild erlendra aðila að íslenskur atvinnufyrirtæki sem stundar flugrekstur. Þetta ákvæði tryggir á engan hátt yfirráð íslenskra aðila í loftflutningum til landsins. Þar ræður samkeppnishæfni fyrst og fremst. Þetta getur líka hindrað erlenda aðila í því að stunda flugrekstur á erlendum vettvangi með Ísland sem bækistöð.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpsdrögunum að erlendur aðili megi að hámarki eignast 25% hlut í íslenskum hlutafélagabanka. Hins vegar á erlendum bönkum að verða heimilt að setja hér upp útibú. Opnun á þessu sviði er óþarflega varfærnisleg ljóst að þessi ákvæði um hömlur á fjárfestingu í íslenskum bönkum þjóna engum tilgangi fyrir íslenskt atvinnulíf.

Fjárfestingar á vegum erlendra ríkja og fyrirtækja í eigu erlendra ríkja eru óheimilaðar samkvæmt frumvarpinu og verður það að teljast eðlilegt ef um atvinnurekstur er að

ræða. Eins hefur verið bent á að fjárfestingar erlendra fyrirtækja sem njóta niðurgreiðslna eða styrkja geti í mörgum tilvikum verið óæskilegar.

Í frumvarpinu er miðað við að sérstök þingkjörin nefnd á hverjum tíma leggi sérstakt mat á einstakar fjárfestingar erlendra aðila. Er nefndinni heimilt að banna þessar fjárfestingar ef hún telur þær vera "óæskilegar". Slík nefnd er hreint forneskjufyrirbæri og ekki til þess fallin að vekja trú erlendra aðila á að festa sé mikil í stjórnarframsýningu á Íslandi. Af sama toga eru ákvæði um hámark á upphæðir sem erlendir aðilar geta fjárfest fyrir hér á landi. Slíkar takmarkanir eru fyrst og fremst til þess fallnar að draga úr trausti annarra á okkur sjálfum.

Samkvæmt frumvarpsdrögum eru miklar takmarkanir á eignarhaldi erlendra aðila á fasteignum hér á landi m.a. verða erlendir aðilar sem eignast fasteignir á uppboðum að vera búnir að selja þær innan árs. Svo djúpt verður að taka í árinna að fullyrða að slíkar takmarkanir séu algjörlega út í hött. Þær takmarka veðhæfi fyrirtækja gagnvart erlendum aðilum. Benda má á fjölmargar eignir sem lánadrottinn sitja uppi með árum saman. Jafnframt er ljóst að eins og ákvæðið stendur í frumvarpinu gæti íslenskt bankaútibú í erlendri eigu getur ekki gengið að fasteignaveðum með sömu forsendum og íslenskir bankar eða verðbréfafyrirtæki. Ekki verður séð að þörf sé á takmörkunum af þessum toga.

4. SAMANTEKT

Frjálssýnd löggjöf um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi er undirstöðuatriði í opnun íslensks efnahagslífs gagnvart útlöndum.

Frumvörp til laga um fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi hafa verið í umfjöllun síðustu þrjú árin og er meginhugsunin sú sama. Að lögfesta almenna heimild til fjárfestinga erlendra aðila en skilgreina undantekningar. Þessi meginhugsun er rétt og eðlileg.

Þær undantekningar sem verið hafa uppi á borðinu eru hins vegar alltof víðtækar. Þær koma í veg fyrir að íslenskir og erlendir aðilar geti átt samstarf um arðbæra kosti í uppbyggingu atvinnulífsins.

Takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í sjávarútvegi bitna fyrst og fremst á honum sjálfum eins og þær eru settar fram nú. Ekki verður séð að þörf sé á lagaákvæðum um takmarkanir á fjárfestingum í orkufyrirtækjum þar sem ríkið hefur í raun helgað sér þau réttindi sem skipta einhverju máli. Takmarkanir á fjárfestingum í bönkum eru of stífar.

Erlendir aðilar verða að hafa miklu rýmri heimildir til að eignast fasteignir hér á landi þannig að íslensk fyrirtæki geti orðið veðhæf gagnvart erlendum bönkum og íslenskum bankaútibúum í eigu erlendra aðila.

Mikilvægt er að opna heimildir til fjárfestinga erlendra aðila sem allra fyrst þannig að Íslendingar eigi betri möguleika til þess að efla atvinnulífið, byggja upp samkeppnisfær fyrirtæki sem geta selt á erlenda markaði í síharðnandi samkeppni og þannig bætt lífskjörin.